

Samkvæmt þessu verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda kr. 724.00 með 6% ársvöxtum frá 3. febrúar 1954 til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 350.00.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Arnbirni Kristinssyni f. h. Bókaútgáfunnar Setbergs, kr. 724.00 með 6% ársvöxtum frá 3. febrúar 1954 til greiðsludags og kr. 350.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 5. marz 1956.

Nr. 44/1955. Fjármálaráðherra h. f. ríkissjóðs

(Vilhjálmur Jónsson)

gegn

Ágústi Sverrissyni (Lárus Jóhannesson).

Dóمندur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor.

Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. marz 1955, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. s. m., gerir þær dómkröfur, aðallega að hann verði algerlega sýknaður og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði og hér fyrir dómi að mati Hæstaréttar. Til vara krefst áfrýjandi þess, að dæmd fjárhæð verði lækkuð og að hvorum aðilja um sig verði dæmt að bera sjálfur kostnað sinn af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti. Stefndi, sem hefur fengið gjafvörn í málinu, dags. 2. maí 1955, krefst

Þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Telja verður nægjanlega leitt í ljós, að eigi hafi nema annaðhvort borð á verkpalli þeim, sem unnið var á, þegar slys það varð, er í málinu greinir, verið neglt niður og þó lauslega. Hin voru einungis lögð á pallinn og höfðu því engan stuðning nema af hinum negldu borðum. Verður að telja þenna umbúnað hættulegan öryggi þeirra manna, sem þar störfuðu. Þá var og hált á palli þessum, er slysið bar að höndum, og höfðu engar ráðstafanir verið gerðar til að hindra, að það kæmi að sök. Eigi er fullkomlega ljóst af gögnum málsins, hvort orsök slyssins var sú, að laust borð rann til undir stefnda eða honum skrikaði fótur á hálkunni. En hvort sem var, bakar það áfrýjanda bótaábyrgð. Eigi er í ljós leitt, að ógætni af hálfu stefnda hafi verið samorsök slyssins. Verður áfrýjandi því að bera óskoraða bótaábyrgð á afleiðingum þess.

Hér fyrir dómi hefur áfrýjandi fallið frá mótmælum sínum gegn fjárhæð 3., 4. og 5. liðar í héraðsdómi. Stendur hann því óhaggaður, að því er varðar þessa liði. Er því aðeins þörf að athuga 1. og 2. lið, örorkubætur og atvinnutjón, svo og 6. lið, bætur fyrir þjáningar, lýti o. fl., sem áfrýjandi hefur til vara krafizt lækkunar á.

Um 1. og 2. lið.

Með skírskotun til raka héraðsdóms þykir tjón stefnda sökum örorku eigi of hátt metið kr. 200.000.00. Svo ber og að staðfesta ákvæði héraðsdóms um bætur fyrir atvinnutjón, kr. 9.654.00.

Um 6. lið.

Þegar litið er til þrauta þeirra, sem stefndi varð að þola, svo og til lýta þeirra, sem hann hefur orðið fyrir sökum slyssins, þykir kröfu hans um bætur af þessum sökum mjög í hóf stillt. Ber því einnig að staðfesta héraðsdóminn að þessu leyti. Þá ber og að fallast á, að bætur þær, sem stefnda hafa verið greiddar af Tryggingastofnun ríkisins, beri að draga frá tjóni hans samkvæmt framanskráðu.

Svo sem nú hefur verið rakið, stendur héraðsdómur órask-

aður, að því er varðar bætur til stefnda. Þá ber og að staðfesta ákvæði hans um vexti af dæmdri fjárhæð.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 20.000.00, og renni þar af kr. 18.000.00 til skipaðs málflutningsmanns hans, en kr. 2000.00 til stefnda sjálfs til greiðslu ýmiss kostnaðar hans af málinu.

Það athugast, að yfirmenn við brúarsmið þá, sem um ræðir, hlutuðust ekki til um, að lögreglurannsókn færi fram út af slysi stefnda, svo sem rétt hefði verið, sbr. 26. gr. laga nr. 24/1928, sbr. nú 26. gr. laga nr. 23/1952. Þá er það athugað vert við meðferð málsins í héraði, að sérfróðir samdómsmenn voru ekki kvaddir til að dæma í málinu, svo sem gera bar, en eigi þykir þó næg ástæða til að ómerkja héraðsdóm af þeim sökum.

D ó m s o r ð :

Áfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnda, Ágústi Sverrissyni, kr. 196.274.19 ásamt 6% ársvöxtum frá 9. september 1949 til greiðsludags og samtals kr. 20.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Þar af renni kr. 18.000.00 til skipaðs málflutningsmanns stefnda, Lárusar Jóhannessonar hæstaréttarlögmanns, en kr. 2.000.00 til stefnda sjálfs.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. nóvember 1954.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. f. m., hefur Lárus Jóhannesson hæstaréttarlögmaður, hér í bæ, f. h. Ágústs Sverrissonar á Seyðisfirði, að fengnu gjafsóknarleyfi, út gefnu 3. marz 1953, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 14. s. m., gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 331.942.00, auk 6% ársvaxta frá 9. september 1949 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Við munnlegan flutning málsins krafðist stefnandi þess til vara, að honum yrðu dæmdar kr. 299.161.00 auk vaxta og málskostnaðar, svo sem í stefnu greinir.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómarans. Til vara hefur

hann krafizt þess, að stefnukrafan verði lækkuð til mikilla muna og málskostnaður verði látinn falla niður. Loks hefur stefndi mót-mælt, að vextir verði reiknaðir nema frá stefnudegi.

Eftir gögnum þeim, sem fram hafa komið í málinu, eru mála-vextir þessir:

Í septembermánuði 1949 var unnið að því af hálfu Vegagerðar ríkisins að byggja brú yfir Múlaá í Skriðdal í Suður-Múlasýslu undir verkstjórn Bóasar S. Eydals, en yfirverkstjóri verksins, Jónas Snæbjörnsson, var ekki viðstaddur, er atburður sá gerðist, sem síðar verður greint frá. Á þessum tíma var vinnan í því fólgin að reka niður með fallhamri staura, sem standa skyldu undir brú-arstöplunum. Byggð hafði verið úti á ánni undirstaða undir fallhamarsgrind og verkpallar úr þvertrjám og langtrjám, er hvíldu á stoðum í árbotninum. Fallhamarsgrindin var færanleg á undirstöðunni, eftir því sem niðurrekstri stauranna miðaði áfram, en milli þeirra var um metra bil. Fallhamarinn var 900 kg að þyngd og rann í rauf í fallhamarsásnum. Þegar hamarinn var í gangi, var honum lyft með vír frá vindu og vél í landi og hann síðan látinn falla með því að taka hemla af vindunni. Dró hann þá vírinn og vinduásinn með sér í fallinu. Enginn öryggislás eða krókur var á fallhamarsásnum, er héldi hamrinum uppi, er hann var ekki í notkun. Nokkur fjarlægð var frá fallhamarsásnum að vindunni og vélinni í landi, og hafa menn, er komið hafa fyrir dóm, gízkað á, að fjarlægðin hafi verið allt frá 12 til 25 metra. Bakhlið fallhamarsgrindarinnar sneri að vindunni í landi, og gat vindu- og vélamaðurinn ekki séð, hvað fram fór framan við hann, þegar staurar voru reknir niður. Niðurrekstri staura var hagað þannig, að verkstjórinn gaf vindumanninum merki um það í hvert sinn, hvenær ætti að draga hamarinn upp eða láta hann falla, þegar byrjað var að reka niður staur, en er staurinn hafði náð góðri festu, var rekið viðstöðulaust, þar til gefið var merki um að hætta.

Fyrir framan fallhamarsgrindina og fast upp við stauraröð þá, er verið var að reka niður, var verkpallur úr $\frac{3}{4}$ "—1"×5" borðum, er lögð voru hlið við hlið. Hafa tvö vitni borið það, að borðin hafi verið 5 eða 6 og annaðhvort borð í röðinni hafi verið neglt fast, en hin borðin ónegld niður. Þykir verða að leggja framburð þenna til grundvallar um gerð og frágang verkpalls þessa, þrátt fyrir það að stefnandi hefur haldið því fram, að borðin hafi aðeins verið 3, nema á stuttum kafla framundan fallhamarsásnum, og þrátt fyrir staðhæfingar verkstjórans í þá átt, að öll borðin hafi verið negld niður.

Um hádegisbilið hinn 9. september 1949 var stefnandi að vinnu

úti á ánni við niðurrekstur staura ásamt verkstjóranum Bóasi og tveimur verkamönnum, Ástráði Magnússyni og Stefáni Björgvinssyni. Þá starfaði og vindumaður í landi. Unnið var að því að reka niður staur, sem hafði náð þeirri festu, að fallhamarinn var í gangi viðstöðulaust. Mun efri endi staurisins hafa staðið um 1 metra upp fyrir fyrrgreindan verkpall. Þeir Ástráður og Stefán stóðu á fallhamarsgrindinni sitt hvorum megin við staurinn og munu hafa stutt hann með böndum. Bóas verkstjóri var aftan við fallhamarsásinn og starfaði að því með borði eða planku að koma í veg fyrir, að vírin festist þar á ró. Stefnandi sat eða stóð einhvers staðar á verkballinum framan við fallhamarsgrindina og hafðist ekki að, þar til verkstjórinn kallaði til hans og bað hann að rétta sér járnkarl, er mun hafa legið þarna á verkballinum. Tók stefnandi járnkarlinn og hugðist færa hann verkstjóranum, en til þess mun hann hafa þurft að ganga framan við staurinn, sem verið var að reka niður, eða a. m. k. fara mjög nálægt honum. Þegar stefnandi var í þann veginn að rétta verkstjóranum járnkarlinn, skrikaði honum fótur á verkballinum, sem var sleipur, eða laus fjöl í verkballinum rann til undir honum. Við þetta missti stefnandi jafnvægið og greip, til þess að verjast falli, hægri hendi um enda staurisins, sem verið var að reka niður. Fallhamarinn var þá á niðurleið og lenti höndin milli hamarsins og staurisins með þeim afleiðingum, að af tók alla fingur hægri handar, nema litla fingur, og allt upp í miðhandarbein.

Sáraumbúðir voru engar til á vinnustaðnum né heldur deyfilyf, en búið mun hafa verið um höndina eftir föngum. Stefnanda var þegar í stað ekið í jeppabifreið til Egilsstaða og farið hart, því að blóðrennsli var mikið úr hendinni og beinin að molna og detta úr henni á leiðinni. Stóð þessi ökuferð um eina klukkustund.

Þegar að Egilsstöðum var komið, batt héraðslæknirinn þar um sárið til bráðabirgða. Síðan var ekið með stefnanda til Seyðisfjarðar og hann lagður á sjúkrahúsið þar. Á þessu sjúkrahúsi dvaldist stefnandi um nokkurn tíma, en þar sem hann hafði stöðugt mjög mikinn verk í hendinni, sigldi hann til Kaupmannahafnar til þess að reyna að fá þar bata. Á Ortopædisk Hospital var gerð á stefnanda meiri háttar skurðaðgerð, og varð það til þess, að verkurinn í hendinni smá minnkaði.

Stefnandi hélt áleiðis til Kaupmannahafnar 14. febrúar 1950, eftir að hafa áður farið til Reykjavíkur til þess að fá þar skipsfar. Hann kom aftur frá Kaupmannahöfn til Reykjavíkur í síðari

hluta aprílmánaðar 1950 og beið þar eftir fari til Seyðisfjarðar í nokkra daga, en þangað kom hann aftur 17. maí 1950.

Vegna sársauka í hendinni var stefnandi óvinnufær þar til eftir miðjan ágúst 1950.

Hinn 27. apríl 1950 skoðaði tryggingayfirlæknir stefnanda. Í vottorði hans, dags. 6. október s. á., segir svo: „Hægri hönd: Á höndina vantar þumalfingur, vísifingur og löngutöng. Eftir er af baugfingri efstakjúka og miðkjúka. Litli fingur er að mestu heill. Gerð hefur verið rauf upp í bilið milli I. og II. miðhandarbeins, og I. miðhandarbein þannig losað frá, og á þann hátt myndaður eins konar vísir að þumalfingri. Liðurinn milli miðkjúku og efstukjúku (yztukjúku vantar) baugfingurs hefur verið gerður stífur (ankylosis), beygður í ca 90° horn.

Slasaði getur beygt leifarnar af baugfingri í liðnum milli þeirra og IV. miðhandarbeins, sem svarar 90°, og á þann hátt geta I. miðhandarbein, sem losað hefur verið, og leifar baugfingurs mætt. Hefur slasaði af þessu lítils háttar not. Annars má segja, að höndin sé lítils nýt“.

Enn skoðaði tryggingayfirlæknirinn stefnanda 26. september 1950. Hafði þá engin breyting orðið, frá því hin fyrri skoðun var gerð. Telur læknirinn varanlega örorku stefnanda vegna umrædds slyss hæfilega metna 47%.

Stefnandi reisir dómkröfur sínar á því, að orsakir slyssins hafi verið óforsvaranlegur útbúnaður á vinnustað af hálfu verkstjóra Vegagerðar ríkisins og slægt eftirlit verkstjórans til öryggis. Hljóti því ríkissjóður að bera ábyrgð á tjóni, sem hann hafi orðið fyrir vegna slyssins.

Sundurliðar stefnandi kröfu sína svo:

1. Örorkubætur	kr. 293.537.00
2. Bætur fyrir atvinnutjón 1. árið eftir slysið ..	— 9.654.00
3. Ferðakostnaður milli Seyðisfjarðar og Reykjavíkur (fram og til baka)	— 1.200.00
4. Ferðakostnaður milli Íslands og Kaupmannahafnar (fram og til baka)	— 3.600.00
5. Kostnaður við dvöl á sjúkrahúsi í Danmörku og vera þar í landi á d. kr. 2.900.00, ísl. kr. 136/00	— 3.949.00
6. Bætur fyrir þjáningar, lýti o. fl.	— 20.000.00
Alls	kr. 331.940.00

og kemur hér fram tveggja króna samlagningarskekkja hjá stefnanda.

Stefndi reisir sýknukröfuna á því, að umbúnaður allur á vinnustað hafi verið í fullu samræmi við það, sem áratuga reynsla af brúarsmíði hafi sýnt beztan og heppilegastan. Þá hafi verkstjórnar við brúarsmíðina verið þaulvanir starfi sínu og gætt fyllstu varkárni við vinnutilhögun og öryggiseftirlit. Þeir hafi margsinnis áminnt verkamenn sína um það að sýna aðgæzlu og varúð við starfið. Telur stefndi, að orsakir slyssins megi rekja til þess eins, að stefnanda hafi vegna óvarkárni sinnar orðið fótaskortur á verkfallinum, og tjón, sem hlotizt hafi af þeirri óvarkárni, sé sér ekki skylt að bæta.

Varakröfu sína reisir stefndi að nokkru á því, að skipta beri sökinni.

Það verður að teljast óforsvaranlegur útbúnaður á áðurnefndum verkpalli, að ekki skyldu öll borðin í honum vera negld niður. Þá var það óvarkárni af verkstjóranum að leggja fyrir stefnanda að flytja honum járnkarlinn að fallhamarsásnum, meðan fallhamarinn var í gangi. Það kemur ekki fram, að stefnandi hafi farið óvarlega, er hann var að færa verkstjóranum járnkarlinn, enda telur verkstjórinn, að stefnandi hafi yfirleitt farið gætilega, og segist hann hafa treyst stefnanda einna best sinna manna. Má því telja hrösun stefnanda með járnkarlinn óhappatilviljun. Á það ber loks að líta, að hér var um hættulegt starf að ræða, en réttarþróunin gengur í þá átt að leggja, er svo stendur á, síaukna ábyrgð á atvinnurekandann.

Að öllu þessu athuguðu þykir stefndi eiga að bera óskoraða bótaábyrgð gagnvart stefnanda á tjóni því, er hann hefur beðið vegna umrædds slyss.

Verða nú einstakir kröfuliðir stefnanda teknir til athugunar, en stefndi hefur mótmælt þeim hverjum fyrir sig sem of háum.

Um 1. Stefndi kveðst hafa ætlað að læra járnsmíðaiðn og hafa haft loforð frá vélsmíðju um að verða tekinn til iðnaðarnáms haustið, sem hann varð fyrir slysinu. Af þessu hafi ekki getað orðið vegna slyssins.

Stefndi er talinn fæddur 13. ágúst 1931 og var því 18 ára, þegar hann slasaðist.

Tryggingarfræðingur hefur reiknað út vinnutekjutap stefnanda, miðað við 47% varanlega örorku og slysdag. Hefur hann bæði reiknað út vinnutekjutap stefnanda sem verkamanns og sem járnsmíðs, er hefði hafið nám í járnsmíði haustið 1949. Reiknast tryggingarfræðingnum svo til, að vinnutekjutap stefnanda

sem verkamanns nemi kr. 260.756.00 og sem járnsmiðs kr. 293.537.00, og miðar þessar niðurstöður við, að stefnandi sé búsettur utan Reykjavíkur. Reikningsgrundvöllurinn er 4% vextir p. a., dánarlíkur íslenzkra karla samkvæmt reynslu árána 1921—1930 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu. Það er álit tryggingarfræðingsins, að til greina komi einhver lækkun á framangreindum tölum vegna atvinnuleysis, og telur ekki óeðlilegt að gera ráð fyrir 5% til 10% lækkun vegna þess.

Í málinu hefur komið fram, að stefnandi hefur lokið prófi frá Verzlunarskóla Íslands.

Þegar virt er það, sem hér að framan er rakið, svo og önnur atriði, er máli skipta, þykja bætur til stefnanda samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 200.000.00, og er þá einnig höfð hliðsjón af því, að vextir af fé hér á landi eru almennt hærri en 4% p. a.

Um 2. Það kemur fram hjá tryggingarfræðingnum, að hann hefur ekki tekið með í útreikningum sínum, er greint er frá hér næst á undan, annað en vinnutekjutap stefnanda vegna varanlegrar örorku hans. Svo sem áður er sagt, var stefnandi algerlega óvinnufær um eins árs skeið eftir slysið. Telur tryggingarfræðingurinn hæfilegt að áætla honum auk vinnutekjutaps vegna örorku kr. 9654.00 í bætur fyrir atvinnutjón á þessu tímabili, miðað við verkamannskaup. Þykir því rétt að taka þenna kröfulið stefnanda til greina að fullu.

Um 3, 4 og 5. Auk þess að mótmæla fjárhæðunum undir þessum liðum sem of háum hefur stefndi andmælt þeim á þeim grundvelli, að það hafi verið óþarft hjá stefnanda að leita til Kaupmannahafnar til lækninga.

Telja verður, eins og á stóð, að það hafi verið eðlilegt og sjálf-sagt hjá stefnanda að leita sér lækninga erlendis við meiðslum sínum, enda verður ekki annað séð af skoðunargerð tryggingayfirlæknisins frá 27. apríl 1950 en að aðgerð sú, sem gerð var á hendi stefnanda á Ortopædisk Hospital, hafi borið nokkurn árangur.

Að þessu athuguðu og þar sem umræddum kostnaðarliðum virðist í hóf stillt, verða þeir teknir til greina að fullu.

Um 6. Þegar virt er það, sem hér að framan er rakið, um meiðsli stefnanda og afleiðingar þeirra, þykir bótakrafa stefnanda undir þessum lið ekki of há, og verður hún því tekin til greina.

Samkvæmt framansögðu nemur tjón stefnanda vegna umrædds

slyss kr. 238.403.00 (kr. 200.000.00 + kr. 9654.00 + kr. 1200.00 + kr. 3600.00 + kr. 3949.00 + kr. 20.000.00).

Stefnandi hefur fengið greitt frá Tryggingastofnun ríkisins vegna slyssins samtals kr. 42.128.81 í dagpeninga og örorkubætur. Krefst stefndi þess, að sú fjárhæð komi til frádráttar stefnukröfunni. Á þann frádrátt hefur stefnandi ekki viljað fallast, þar sem hann telur sig samkvæmt skuldbindingum sínum við Tryggingastofnunina og eftir kröfu hennar skyldan til að endurgreiða henni af væntanlegum tjónbótum það, sem hann þegar hefur fengið frá henni greitt.

Stefnandi hefur ekki fengið framseldan frá Tryggingastofnuninni hugsanlegan endurgreiðslurétt hennar á hendur stefnda. Verður þegar af þeirri ástæðu að taka frádráttarkröfu stefnda til greina. Á það má og líta, að stefnda verður ekki talið hugrænt til sakar ófullnægjandi útbúnaður og óvarkárni verkstjóra á vinnustað við brúarsmíðina.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 238.403.00 að frádregnum kr. 42.128.81 eða kr. 196.274.19 ásamt vöxtum, eins og krafizt hefur verið, þar sem dæmt vinnutekjutap stefnanda er miðað við slysdag.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað. Þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 13.000.00, er renni til skipaðs talsmanns stefnanda, Lárusar Jóhannessonar hæstaréttarlögmanns.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Ágústi Sverrissyni, kr. 196.274.19 með 6% ársvöxtum frá 9. september 1949 til greiðsludags og kr. 13.000.00 í málskostnað, og renni málskostnaður til skipaðs talsmanns stefnanda, Lárusar Jóhannessonar hæstaréttarlögmanns.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.